

Varðandi viðbyggingu á Kirkjuvegi 8b málsnr. 1703063

Eftir að hafa skoðað teikningar hef ég áhyggjur af að húsið og inngangur efri hæðar verði of nálægt mínu húsi, það virðast ekki vera nema um 2 metrar á milli húsanna. Sjónlína frá nýjum inngangi yrði beint inn um stofu, svefnherbergi og eldhús hjá mér og finnst mér það miður að geta ekki setið í stofunni eða eldhúsinu án þess að fólk sjái beint inn til mín.

Eftir að hafa rætt við Enok Sveinbjörnsson um þessar áhyggjur mínar kom hann með lausn sem er vel ásættanleg varðandi þetta. Hann sagði að þeir myndu hækka vegginn við innganginn þannig að ekki væri hægt að sjá yfir hann. Þetta myndi vera góð lausn fyrir báða aðila þar sem það yrði meira skjól við inngang hjá þeim og meira næði fyrir báða aðila. Hann talaði um að láta breyta teikningunum í samræmi við þetta. Þetta er ásættanlegt fyrir mig og ef af því verður hef ég ekkert annað að setja út á nema að ég vil ítreka það að ég á að eiga 1,5 metra út fyrir bílskúrinn minn en það virðist ekki alveg vera á hreinu. Nauðsynlegt er að fá mælingarmann til að merkja þetta. Síðasta merking er ekki rétt að mínu mati.

Ef þessi nýja viðbygging verður ekki of nálægt húsi mínu að Kirkjuvegi 8 samkvæmt öllum reglugerðum og þessi veggur verður reistur geri ég ekki athugasemdir við þessar breytingar.

Að öðru leyti lýsi ég ánægju minni yfir að húsið að Kirkjuvegi 8b sé lagfært.

Virðingarfyllt,

Kolbrún Sigurlaug Harðardóttir
Kirkjuvegi 8, Hafnarfirði